

FÉLA2KR05

Búið til: Mon, 08 Jun 2015 17:35:08 GMT

Titill

Kenningar og rannsóknaraðferðir

Skammstöfun

FÉLA2KR05

Útgáfunúmer

56

Námsgrein

félagsfræði

Viðfangsefni

kenningar og rannsóknaraðferðir

Staða

Samþykkt af skóla

Þrep

2

Einingafjöldi

5

Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla

Lýsing

Í áfanganum er félagsfræðin kynnt sem fræðigrein, eðli hennar, saga og þróun félagsvísinda. Ítarlega er fjallað um þrjú kenningaleg sjónarhorn greinarinnar og haldið áfram að vinna með grunnhugtök. Rætt verður um þróun samfélaga, menningu, lagskiptingu, vinnumarkað, fjölmiðla, kynhlutverk og fordóma í félagsfræðilegu ljósi. Nemendur kynnast rannsóknaraðferðum félagsfræði, bæði með því að lesa um þær og spreyta sig á þeim.

Forkröfur

Inngangur að félagsvísindum

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- helstu kenningum félagsfræðinnar
- hugtökunum menning og samfélag, þróun og helstu gerðum samfélaga
- hvernig menningin mótar samskipti í ólíkum samfélögum
- ólíkum viðhorfum til vinnu og vinnumarkaðar
- hvernig lagskipting, kynhlutverk og fjömiðlar móta hegðun fólks
- algengum fordómum gagnvart hópum fólks og birtingu þeirra í samfélaginu
- helstu rannsóknaraðferðum félagsfræðinnar

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- afla sér trausta upplýsinga um félagsfræðileg efni
- beita að minnsta kosti einni viðurkenndri rannsóknaraðferð félagsfræðinnar – á einfaldan hátt
- beita helstu grundvallarhugtökum félagsfræðinnar í umfjöllun um félagsfræðileg málefni á skilmerkilegan hátt
- greina áhrif fjölmiðla, kynhlutverka og fordóma á eigin hegðun og annarra
- fjalla um félagsfræðileg efni bæði munnlega og skriflega

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- tengja félagsfræðina við daglegt líf og sjá notagildi hennar
- meta og hagnýta sér upplýsingar um þau málefni sem greinin fjallar um
- meta gagnsemi mismundandi rannsóknaraðferða við ólíkar aðstæður
- leggja mat á eigin fordóma gagnvart öðrum hópum og greina ástæður þeirra
- gera úttekt á tilteknu félagslegu fyrirbæri með viðurkenndri rannsóknaraðferð og setja fram niðurstöður munnlega, skriflega og/eða með sjónrænum hætti
- taka þátt í rökræðum um félagsfræðileg málefni
- tileinka sér víðsýni, jafnréttissjónarmið og umburðarlyndi

Námsmat

Í áfanganum er leiðsagnarmat með símati alla önnina. Öll verkefni gilda til einkunnar og þess vegna er það mikilvægt að nemendur stundi námið reglulega.

Skólar

Fyrirmynd